

Skýrsla ríkissaksóknara
um eftirlit með símahlustunum og skyldum úrræðum
skv. 3. mgr. 85. gr. laga nr. 88/2008

Vegna ársins 2019

1. Inngangur

Með lögum nr. 103/2016, sem samþykkt voru á Alþingi 26. september 2016 og tóku gildi 1. janúar 2017, var gerð breyting á nokkrum ákvæðum XI. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (sml.). Breytingarnar lutu að skilyrðum, framkvæmd og eftirliti með símahlustunum og skyldum úrræðum skv. 80.–82. gr. sml. Í 2. gr. laganna er m.a. að finna nýtt ákvæði 3. mgr. 85. gr. sml. þar sem kveðið er á um að ríkissaksóknari hafi eftirlit með því að gögnum sé eytt og tilkynnt sé um aðgerðir skv. 80.–82. gr. sml. Í 3. mgr. 85. gr. sml. er einnig kveðið á um að ríkissaksóknari skuli árlega gefa út skýrslu um framkvæmd eftirlits og beitingu aðgerða skv. 80.–82. gr. sml. Skýrsla þessi er sú þriðja í röðinni eftir gildistöku laga nr. 103/2016, 1. janúar 2017.

2. Eftirlit ríkissaksóknara eftir gildistöku laga nr. 103/2016

Eins og rakið var í skýrslu vegna ársins 2017 og 2018 var í frumvarpi til laga nr. 103/2016, um breytingu á lögum um meðferð sakamála, kveðið á um fjárveitingu til að breyta vörslum og meðferð stafræna gagna sem aflað er með heimild í 80.–82. gr. sml, þar á meðal upptaka af símtölum og afritum af sk. loggskráum um tengingar milli síma eða tölva. Samkvæmt athugasemdum við frumvarpið stóð til að tryggja að hægt væri að rekja hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerð skv. 80. – 82. gr. sml. eins og gerð er krafa um í 3. mgr. 85. gr. sml. Þá er ekki unnt að tryggja að fullnægt sé áskilnaði 1. mgr. 85. gr. sml. um eyðingu gagna nema utanumhaldi um þau sé háttað með þeim hætti sem að framan greinir. Kerfi þessi eru á ábyrgð og í eigu ríkislögreglustjóra. Ítrekaðar óskir ríkissaksóknara um upplýsingar frá ríkislögreglustjóra um breytingar á vörslunum hefur ekki verið svarað til þessa. Ríkissaksóknari gerði í skýrslu sinni vegna 2018 grein fyrir bréfi sem hann ritaði til þáverandi ríkislögreglustjóra, dags. 10. janúar 2019, þar sem óskað var upplýsinga um þessi atriði, í ljósi fyrri tilrauna til að fá svör frá embættinu. Ríkislögreglustjóri svaraði bréfinu ekki frekar en öðrum fyrirspurnum um það sama. Erindi þetta var ítrekað gagnvart nýjum ríkislögreglustjóra fyrir ritun skýrslu þessarar en svar hefur ekki borist.

Verður ríkissaksóknari að lýsa vonbrigðum með að fyrirspurnum hans sé ekki svarað en þessar tafir á nauðsynlegum breytingum á hugbúnaði hamlar ríkissaksóknara í að sinna eftirlitsskyldum sínum með viðunandi hætti.

3. Samskipti við lögreglustjórana og héraðssaksóknara um eftirlitið

Eftirlit ríkissaksóknara getur eðli málsins samkvæmt ekki skilað árangri nema þeir sem eftirlitið beinist að, þ.e. lögreglustjórnir ný og héraðssaksóknari bregðist við erindum ríkissaksóknara um efnið.

Í skýrslu vegna ársins 2018 var gerð grein fyrir fyrirspurn ríkissaksóknara til lögreglustjóranna með bréfi dags. 11. janúar 2018 þar sem hann áréttaði skyldur þeirra samkvæmt lögum um meðferð

sakamála og fyrirmælum (reglum) RS: 12/2017. Í bréfi ríkissaksóknara frá 11. janúar 2018 voru einnig settar fram tvær spurningar:

1. *Með vísan til 4. gr. reglnanna, hvernig er haldið utan um meðferð upplýsinga skv. 80. – 82. gr. sml.? Óskað er eftir sýnishorni af skráningu þessara upplýsinga.*
2. *Með vísan til 7. gr. reglnanna, hvaða starfsmaður við embætti yðar skal vera tengiliður við embætti ríkissaksóknara og hver til vara?*

Fyrri spurningunni var ætlað að kanna hvernig lögreglustjórarnir og héraðssaksóknari hygðust halda utan um skráningu á aðgengi og afritun gagna, til að uppfylla skyldur sínar skv. 2. málslíð 3. mgr. 85. gr. sml. um að tryggja að unnt sé að upplýsa eftir á hver eða hverjir hafi haft aðgang að upplýsingum sem aflað hefur verið með aðgerð skv. 80.-82. gr. sml. Að auki er í 4. gr. reglnanna kveðið á um skráningu upplýsinga um gerð afrita í því skyni að hægt sé að tryggja eyðingu þeirra.

Í skýrslunni vegna 2018 gerði ríkissaksóknari grein fyrir því að tvö lögregluembætti, embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, sem eru ábyrg fyrir u.þ.b. 90% af öllum símahlustunum, hefðu ekki svarað erindi ríkissaksóknara ári eftir að bréfið var ritað. Eftir að ítrekunarbref var ritað svaraði lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu erindinu 18. febrúar 2019. Þetta síðbúna svar upplýsti þó ekki hvernig lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hygðist halda þá skrá sem hann var inntur eftir í spurningu 1 hér að framan. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum svaraði bréfinu eftir að skýrslan vegna 2018 kom út í ágúst 2019.

Aðrir lögreglustjórar og héraðssaksóknari svöruðu bréfi ríkissaksóknara án verulegra tafa.

Vegna tæknilegra vandkvæða við núverandi ut anumhald á upplýsingum sem aflað er með heimild í 80. – 82. gr. sml., sem rakið hefur verið í þessari skýrslu og fyrri skýrslum, er ekki haldið utan um það með rafrænum hætti hverjir hafi aðgang að upplýsingunum og hvaða afrit hafi verið gerð af upplýsingunum eins og áskilið er skv. 3. mgr. 85. sml. Fyrirmæli ríkissaksóknara RS: 12/2017 eru þó skýr og telur ríkissaksóknari sig hafa uppfyllt skyldur sínar, skv. 3. mgr. 85. gr. sml., með því að setja reglur sem eiga að tryggja aðgangsskráningu, eins og gert er með 4. gr. fyrirmæla RS: 12/2017. Á þessu eru þó tveir annmarkar. Sá fyrri er að skráning þessi fer fram á pappír og skal fylgja rannsóknargögnum. Árangur þessa er háð nákvæmni í skráningu á aðgangi og afritagerð, í stað rafrænnar vöktunar eins og ætti að vera, ef gögnin væru vistuð í LÖKE. Seinni annmarkinn er sá að ríkissaksóknari hefur ástæðu til að ætla að, í það minnsta þau embætti sem mest reiða sig á þessi úrræði við rannsóknir sakamála, hafi takmarkaðan vilja til að hlíta fyrirmælum ríkissaksóknara. Má lesa þetta úr síðbúnum svörum og efni þeirra svara sem rakin eru að framan og bást frá tveimur stærstu embættanna.

Ríkissaksóknari hefur ekki úrræði til að þvinga lögreglustjórana til að fylgja fyrirmælum ríkissaksóknara, eða virða lögboðið hlutverk ríkissaksóknara og valdheimildir, með því t.a.m. að svara bréfum embættisins.

4. Tölfræði

Hér á eftir gefur að líta yfirlit yfir fjölda tilvika þar sem úrræðum skv. 80.–82. gr. sml. var beitt á árinu 2019. Tölfræði sem þessi getur verið erfið í framsetningu ef hún á að vera samanburðarhæf milli ára, þar sem úrskurðir geta verið fleiri en einn vegna rannsóknar sama málsins, t.d. þegar um marga sakborninga að ræða. Þá kann að vera að símahlustun í máli standi yfir í nokkurn tíma og úrskurðir varði framlengingu hlustunar í eitt skipti eða fleiri. Nokkrir úrskurðir geta því verið tilkomnir vegna rannsóknar sama máls og hlustunar sama símanúmers. Þá er úrskurða oft leitað samhliða vegna heimildar til símahlustunar og öflunar upplýsinga um símhringingar í og úr sama síma, svokallaðar tengiupplýsingar, en þar er um mismunandi úrræði að ræða.

Í eftirfarandi samantekt/töflum er gerð grein fyrir öllum úrskurðum sem kveðnir voru upp á árinu 2019. Í töflunum er tekinn út fjöldi aðgerða sem gripið var til. Ef einn úrskurður varðar bæði úrræði skv. 80. gr. og 81. gr. sml. þ.e. heimild til að afla upplýsinga um tengingar og heimild til símahlustunar vegna tiltekins eða tiltekinna símanúmera, þá eru tvær aðgerðir skráðar, enda hefði eins mátt úrskurða um þessar kröfur sitt í hvoru lagi. Þá eru úrskurðir sem fela í sér framlengingu símahlustunar taldir sér sem sjálfstæð aðgerð, þótt úrskurður varði rannsókn sama máls og beinist að sama hlustunarþola og fyrri úrskurður.

Nokkuð hefur dregist að gefa út skýrslu þessa og er ástæðan sú að unnið hefur verið að þróun hugbúnaðar sem á að gera kleyft að kalla fram þessar upplýsingar úr LÖKE rafrænt. Hingað til hefur þurft að taka saman tölfræðina að miklu leyti handvirkt sem er tímafrekt verkefni.

Árið 2019 var óskað heimildar dómstóla til beitingar rannsóknarúrræða skv. 80.–82. gr. sml. í 298 skipti í 73 málum. Í þessum úrskurðum var óskað 403 aðgerða. Í 15 tilvikum var ekkert framkvæmt og eru aðgerðir í þessum úrskurðum sem voru nýttir 388. Tafla 1 sýnir þær aðgerðir sem heimilaðar voru í þessum úrskurðum, tafla 2 sýnir hvernig þessar aðgerðir skiptast milli embætta og tafla 3 sýnir hvaða brot voru til rannsóknar hjá embættunum og urðu tilefni beitingar úrræðanna.

Tafla 1. Aðgerðir í dómsúrskurðum 2019.

	Eintalin aðgerð í úrskurði
Eftirfararbúnaður	48
Hlustun síma	98
Hlustunarbúnaður (herbergi o.fl.)	26
IMEI leit samvæmt úrskurði	20
Myndavélaeftirlit	15
Tölvusamskipti	1
Upplýsingar um rétthafa	15
Útskrift á gagnanotkun farsíma	34
Útskrift á notkun	131
Samtals	388

Tafla 2. Fjöldi aðgerða í dómsúrskurðum greint eftir því embætti sem var með málið.

	Héraðssaksóknari	Lögrelustjórinn á Austurlandi	Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	Lögrelustjórinn á Suðurnesjum	Lögrelustjórinn á Suðurlandi	Lögrelustjórinn á Norðurlandi eystra	Lögrelustjórinn á Vestfirðum	Lögrelustjórinn á Vesturlandi	Alls
Eftirfararbúnaður	8		40						48
Hlustun síma	17		66	10		3	1	1	98
Hlustunarbúnaður (herbergi o.fl.)	4		21	1					26
IMEI leit samkvæmt úrskurði	3	1	12	1	2	1			20
Myndavélaeftirlit			15						15
Tölvusamskipti	1								1
Upplýsingar um réttthafa	4		10	1					15
Útskrift á gagnanotkun farsíma	14	2	6	9		2		1	34
Útskrift á notkun	30	3	64	25		1	7	1	131
Alls	81	6	234	47	2	7	8	3	388

Tafla 3. Fjöldi aðgerða í dómsúrskurðum greint eftir því embætti sem var með málið og tegund brots.

	Héraðssaksóknari	Lögrelustjórinn á Austurlandi	Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu	Lögrelustjórinn á Suðurnesjum	Lögrelustjórinn á Suðurlandi	Lögrelustjórinn á Norðurlandi eystra	Lögrelustjórinn á Vestfirðum	Lögrelustjórinn á Vesturlandi	Alls
Annað			12	4		3			19
Auðgunarbrot/peningabætti	81		2	2			3	3	91
Fíkniefnabrot		6	213	39	2		5		265
Kynferðisbrot			5	2		2			9
Ærumeiðingar/friðhelgi einkalífs						2			2
Ofbeldisbrot			2						2
Alls	81	6	234	47	2	7	8	3	388